
„Það má eitt fjall vera ósnortið fyrir þessum andskotans túristum“: Umhverfisstjórnun, náttúrutengsl og ferðamennska

Hugrún Harpa Reynisdóttir
Þekkingarsetrinu Nýheimum
Gunnar Þór Jóhannesson
Háskóla Íslands

Útdráttur: Í þessari grein er fjallað um viðhorf íbúa í Öræfum í Austur-Skaftafellssýslu til umhverfisstjórnunar með hliðsjón af upplifun þeirra af náttúrutengslum sínum. Markmið greinarinnar er að lýsa hvernig umhverfisstjórnun verður merkingarbær í samspili náttúrutengsla heimafólks og sívaxandi umferðar ferðafólks um Öræfi. Greinin byggir á eigindlegri rannsókn sem unnin var meðal íbúa á svæðinu. Rannsóknin leiðir í ljós að upplifun heimafólks í Öræfum af umferð og ágangi ferðamanna dregur fram mikilvægi umhverfisstjórnunar fyrir svæðið. Um leið birtast tilteknir veikleikar í því hvernig umhverfisstjórnun hefur verið háttað. Þar má nefna skort á samráði og sérstaklega að tekið sé tillit til náttúruskilnings og náttúrutengsla heimafólks. Niðurstöður greinarinnar draga fram að samráð við heimafólk sé mikilvægt til að koma á fót árangursríkri umhverfisstjórnun og um leið er undirstrikað að tæki umhverfisstjórnunar þurfa að vera opin fyrir mismunandi tengslaafstæðum samfélags og náttúru. Niðurstöður benda til þess að umhverfisstjórnunarkerfi geti þjónað sem aðferð til að takast á við meintan stjórnunarvanda ferðaþjónustunnar sem undirstrikar að ferðaþjónusta þarf ekki endilega sértæk úrræði heldur skýran aðgang að þeim stjórnunartækjum sem nú þegar eru til staðar.

Lykilorð: Umhverfisstjórnun ■ náttúrutengsl ■ ferðaþjónusta ■ Öræfi

Abstract: This article describes the attitudes of the inhabitants of Öræfi, county of Austur-Skaftafell, to environmental management with reference to their experiences of relations to nature. The objective of the paper is to describe how environmental management gains meaning in a interplay of nature relations of local people and increasing traffic of tourists through Öræfi. The article is based on qualitative research among inhabitants in the area. The study shows that the way in which the inhabitants experience traffic and pressure by tourists brings forth the meaning and importance of environmental management for the area. At the same time, particular weaknesses are evident when it comes to environmental management schemes and how they have been conducted in the area. Those include a lack of local collaboration and especially that human-nature relations, as experienced by inhabitants, are not taken into account. The paper underscores the importance of local participation for successful environmental management and that environmental management tools need to be open towards diverse modes of relations between society and nature. The findings support the view that environmental management systems can serve to deal with management challenges of tourism, which underlines that tourism does not necessarily need specific management tools but rather clear access to the management mechanisms already in place.

Keywords: Environmental management ■ human-nature relations ■ tourism ■ Öræfi

Inngangur

Umhverfismál hafa í orði kveðnu verið ofarlega á baugi stjórnvalda víða um heim undanfarna áratugi. Á allra síðustu árum hafa umhverfis- og loftslagsbreytingar af mannavöldum hlotið mikla athygli og hafa rannsóknir á þeim dregið fram hvernig mannkyn er mótandi afl í sögu jarðar (Gísli Pálsson o.fl., 2013). Stjórnvöld þjóðríkja, yfir- og þverþjóðlegar stofnanir ásamt fjölmörgum öðrum aðilum reyna um þessar mundir að ná tökum á djúpstæðum umhverfisvanda sem helst má rekja til athafna mannkyns sjálfs og ábyrgðarlausrar umgengni um jörðina og auðlindir hennar (RÚV, 2015; Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2015). Í þessu samhengi skipta tengsl okkar og afstaða til náttúrunnar máli þar sem undirliggjandi ástæður hnattrænna áskorana umhverfismála eiga sér stað og stund í daglegum athöfnum og viðhorfum okkar (Gunnar Þór Jóhannesson, Ren og van der Duim, 2016). Því er mikilvægt að huga að staðbundnum birtingarmyndum auðlindanýtingar og umhverfisstjórnunar og undirliggjandi hugmyndum og gildismati.

Í þessari grein er fjallað um viðhorf íbúa í Örafum Austur-Skaftafellssýslu til umhverfisstjórnunar með hliðsjón af upplifun þeirra af náttúrutengslum sínum. Markmið greinarinnar er að lýsa hvernig umhverfisstjórnun verður merkingarbær í samspili náttúrutengsla heimafólks og sívaxandi umferðar ferðafólks um Örfæfi. Örfæfi er strjálbýlt landsvæði, nú hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði. Íbúar Örfæfa lifa í miklu nábýli við síkvika krafta jarðar sem mótað hafa búsetu á svæðinu. Almennar samfélagsbreytingar síðustu áratuga hafa ekki látið Örfæfi ósnortin en umtalsverð fólksfækkun hefur átt sér stað. Á síðustu árum hefur svæðið tengst alþjóðlegum straumi ferðafólks en suma af helstu áfangastöðum landsins má finna í Örafum, svo sem Skaftafellsþjóðgarð og Jökulsárlón. Samfara hröðum vexti ferðaþjónustunnar hefur stefnumótun og skipulag ferðaþjónustu fengið meiri athygli stjórnmalamanna, fræðifólks og almennings. Þrátt fyrir að saga tilrauna til stefnumótunar ferðamála hérlendis sé nokkuð löng hefur til skamms tíma mjög skort á að stjórnvöld hafi tekið áskoranir ferðaþjónustu alvarlega (Edward Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013; Gunnar Þór Jóhannesson, 2012). Þær snúa meðal annars að stýringu og dreifingu ferðafólks um landið og uppbyggingu áfangastaða í sátt við félagslegt og náttúrulegt umhverfi (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2010; Gunnar Þór Jóhannesson, Edward H. Huijbens og Sharpley, 2010). Rannsóknin leiðir í ljós að upplifun heimafólks í Örafum af umferð og ágangi ferðamanna dregur fram mikilvægi umhverfisstjórnunar fyrir svæðið. Um leið birtast tilteknir veikleikar í því hvernig umhverfisstjórnun hefur verið háttáð. Þar má nefna skort á samráði og sérstaklega að tekið sé tillit til náttúruskilnings og náttúrutengsla heimafólks. Niðurstöður greinarinnar draga fram að samráð við heimafólk sé mikilvægt til að koma á fót árangursríkri umhverfisstjórnun og um leið er undirstrikað að tæki umhverfisstjórnunar þurfa að vera opin fyrir mismunandi tengslaafstæðum samfélags og náttúru. Nýnæmi rannsóknarinnar felst í því að benda á nauðsyn þess að þýða náttúruskilning heimafólks inn í stjórn tæki og skipulag hins opinbera sem og að draga fram hvernig umhverfisstjórnun getur þjónað sem aðferð til að takast á við stjórnunarfanda ferðaþjónustunnar.

Greinin hefst á fræðilegri umræðu um tengsl manns og náttúru. Hún leiðir að umfjöllun um umhverfisstjórnun og birtingarmyndir hennar hér á landi ásamt stuttri samantekt á tengingu umhverfismála við stefnumótun í ferðamálum hérlendis. Seinni hluti greinarinnar er helgaður niðurstöðum og umræðum. Fjallað er um náttúrutengsl íbúa í Örafum og viðhorf þeirra til umhverfisstjórnunar. Þar kemur skýrt fram að umhverfisstjórnun öðlast merkingu í samræðum um ferðamennsku á svæðinu og þær áskoranir sem fylgja henni. Í greininni ítrekum við mikilvægi þess að nálgast samband staðbundins náttúruskilnings og umhverfisstjórnunar á gagnrýninn hátt en bendum jafnframt á mikilvægi þess að skapa rými fyrir ólíkan náttúruskilning innan formlegra stjórn tækja umhverfisstjórnunar.

Náttúrutengsl og umhverfisstjórnun

Breski fræðimaðurinn Raymond Williams skrifaði að hugtökin náttúra og menning væru meðal þeirra flóknustu í tungumálinu (1983). Það kemur því ekki á óvart að reynst hefur erfitt að skilgreina samband manns eða samfélags og náttúru. Raunar er vafasamt að ætla að það sé

mögulegt að komast að endanlegri niðurstöðu þar sem hvort tveggja náttúra og samfélag eru stöðugum breytingum undirorpin (Björn Þorsteinsson, 2016). Páll Skúlason (1998) hefur bent á þrjár lykilsurningar sem liggja umræðu og aðgerðum á sviði umhverfis- og náttúruverndar til grundvallar. Sú fyrsta lýtur að því hvort að menn hafi rétt umfram aðrar lífverur. Í öðru lagi er spurning hvort tækni skilgreini markmið mannglegrar breytni eða hvort tæknin sé tæki í höndum mannkyns til að ná markmiðum sínum. Þriðja spurningin er svo hvort sérfræðipækking sé eini grundvöllur ákvarðana um umhverfismál eða hvort krafa sé gerð um þátttöku almennings (bls. 11). Umfjöllun Gísla Pálssonar um tengsl manns og náttúru í vestrænni heimsmynd (1996) er að miklu leyti hliðstæð inntaki þessara spurninga. Hann lýsir þremur tengslaháttum mannkyns og umhverfis: framandgervingu (e. *orientalism*), feðraveldi (e. *paternalism*) og samfélagi (e. *communalism*). Hver um sig vísar til tiltekinnar afstöðu milli manna og náttúru og afstöðu til þekkingarsköpunar. Framandgerving og feðraveldi byggja hvor um sig á aðskilnaði milli samfélags og náttúru. Framandgerving felur í sér að maðurinn sé herra náttúrunnar og þar með að náttúran sé óvirkt viðfang langana og þarfa mannfólks; einskonar leiksvið fyrir uppfærslur samfélags og menningar (sjá einnig Ingold, 2000). Orðfæri framandgervingar einkennist af vísunum til yfirráða, könnunar og landnáms þar sem náttúran og auðlindir hennar eru hagnýttar án tillits til umhverfisverndar. Innan þessarar nálgunar birtast vísindin sem hlutlæg greiningartæki á hinum efnislega veruleika, óháð siðferðislegum álitamálum.

Tengslaháttur feðraveldis byggir á sama hátt á skýrri aðgreiningu samfélags og náttúru en í stað arðráns er verndun miðlægur þáttur. Maðurinn birtist hér sem föðurlegur verndari náttúru sem er ætlað að stjórna nýtingu auðlinda og huga að velsæld vistkerfa í krafti formlegrar þekkingar á gangverki þeirra (Gísli Pálsson, 1996). Skil milli sérfræðipækkingar og þekkingar leikmanna eru hér undirstrikuð. Tilvist staðbundinnar þekkingar innfæddra eða þeirra sem lifa með náttúrunni er viðurkennd en vísindaleg þekking sem talin er óháð félagslegu- og pólitísku samhengi er ávallt skör hærra í stigveldi þekkingar. Umhverfisvernd á grundvelli feðraveldis einkennist af vísindalegri rökhyggju. Náttúran er þar lokuð og afmörkuð eining sem hægt er að stýra með réttum aðferðum (Edda R. H. Waage, 2013) og væri hægt að benda á forsendur fyrir uppbyggingu þjóðgarða sem dæmi.

Tengslaháttur samfélags sker sig frá hinum tveimur þar sem aðgreining samfélags og náttúru er ekki skilgreind fyrirfram. Tengsl með þessum hætti einkennast því ekki af sömu fullvissu um stöðu mannsins gagnvart náttúrunni, þekkingarvaldi hans eða getu til að hafa yfirsýn yfir afleiðingar gjörða sinna í samspili við krafta náttúrunnar. Raunar eru kraftar náttúrunnar og mannkyns samtvinnnaðir og óhægt um vik að aðgreina þá á merkingarbæran hátt. Samskipti manns og náttúru einkennast hér af „samræðum“ og gagnkvæmni (Gísli Pálsson, 1996, bls. 72). Samkvæmt þessari sýn er maðurinn staðsettur í umhverfi sínu, með jörðinni en ekki utan eða ofan við hana (Ingold, 2000). Því fylgir að öll aðgreining milli samfélags og náttúru er sköpuð í tengslum en er ekki fyrirfram gefin.

Sá skilningur á sambandi samfélags og náttúru sem Gísli Pálsson kallar tengslahátt samfélags hefur hlotið umtalsverða athygli í ýmsum greinum félags- og hugvísinda á undanförunum árum (Barad, 2007; Björn Þorsteinsson, 2016; Gunnþóra Ólafsdóttir, 2008; Haraway, 1991; Ingold, 2011; Karl Benediktsson og Katrín Anna Lund, 2010; Latour, 1993, 1999; Lorimer, 2012; Whatmore, 1999). Latour (1993) undirstrikaði þessa sýn tengslahyggju þegar hann staðhæfði að mannkynið hefði aldrei orðið nútímalegt. Með því á hann við að aðgreining og tiltekna tengslaafstæður samfélags og náttúru er útkoma af margskonar athöfnum og vinnu fólks og annarra ómannlegra gerenda; athafna og vinnu sem geta leitt til ólíkra tengslaafstæðna (sjá t.d. Ingold, 2006; Lorimer, 2012). Afmörkun náttúru og samfélags hefur verið eitt meginviðfangsefni vísindalegrar iðkunar frá tímum upplýsingarinnar en liggur ekki ljós fyrir, vísindin hafa átt þátt í að skapa aðgreininguna en ekki aðeins að lýsa henni. Ein meginniðurstaða Latour (1993) er að hin nútímalega skipan tengsla samfélags og náttúru eigi undir högg að sækja. Það er svo komið að í mörgum tilvikum heldur skýr aðgreining samfélags og náttúru ekki vatni og bæði vísindamönnum og almennungi er ljóst að náttúra og samfélag, fólk og tækni, jörð og menning eru samofin og ekki svo auðveldlega aðskilin. Sem dæmi hafa umhverfisbreytingar af manna völdum kippt okkur niður á jörðina í bókstaflegum skilningi (Gren og Huijbens, 2014; Latour, 2007, 2014) Ljóst er að auðlindanýting og

umgengni okkar við umhverfið þurfa endurskoðunar við. Því er nauðsynlegt að huga að þeim tengslum sem fólk á í við náttúruna og rýna í hvernig samband okkar með náttúru getur mótast á betri veg.

Umhverfisfélagsfræði er ein þeirra fræðigreina sem hefur látið sig þetta varða. Innan hennar hefur verið lögð áhersla á að náttúran sé virkur gerandi í sambandi manns og náttúru og hafi mótandi áhrif á samfélög manna, líkt og samfélög manna geta haft mótandi áhrif á náttúru (Irwin, 2001; Pellow og Brehm, 2013). Þar hefur til að mynda verið skoðað hvernig tengsl milli náttúru og samfélags geta verið breytileg eftir svæðum og samfélögum, sérstaklega vegna þess að einstaklingar hafa með ólíkum hætti samskipti við hið náttúrulega umhverfi og þau samskipti móta skilning þessara sömu einstaklinga á náttúrunni (Berghoefer, Rozzi og Jax, 2010). Hvernig náttúran er túlkuð hefur síðan áhrif á það hvernig einstaklingar hegða sér gagnvart henni og hvernig þeir lifa í náttúrunni eða með henni (Görg, 2010; Schroeder, 2007; Schultz, 2000). Görg (2011) heldur því fram að með því að rýna í félagsleg tengsl fólks við náttúru verði okkur í senn kleift að skilja og bæta þetta samband og þar með efla sjálfbæra þróun. Ekki er þá átt við frekari yfirráð manna yfir náttúrunni heldur fremur að ná stjórn á sambandi manna við náttúruna og hafa áhrif á fyrrnefndar tengslaafstæður.

Ef náttúran er ekki stöðug eining óháð þeim tengslum sem fólk á í við hana heldur afurð margskonar tengsla í tíma og rúmi þýðir það að þekkingargrundvöllur til að stjórna sambandi okkar við náttúruna er ekki stöðugur. Þetta hefur afleiðingar fyrir notkun og gagnsemi þeirra stjórnækja sem við þó höfum til að hafa áhrif á samband manns og náttúru, eins og ýmis konar umhverfisstjórnunarkerfa og laga og reglugerða sem snerta umgengni um náttúruna sérstaklega. Því er mikilvægt að rannsaka tengsl slíkra stjórnækja við náttúru og samfélag á ólíkum stöðum.

Umhverfisstjórnun

Hugtakið *umhverfisstjórnun* (e. *environmental management*) vísar til samskipta fólks og umhverfis. Tilgangur og markmið umhverfisstjórnunar er að tryggja og vernda náttúru, vistkerfi og líffræðilegan fjölbreytileika í anda sjálfbærni með það að leiðarljósi að tryggja möguleika komandi kynslóða til þess að njóta náttúrugæða í sama mæli og samfélög nútímans (Pahl-Wostl, 2007). Það má því segja að með umhverfisstjórnun sé sífellt leitað bestu leiða til að draga úr óæskilegum áhrifum í samskiptum fólks og náttúru. Samkvæmt Reed (2008) hafa hugmyndir um þátttöku hagsmunaaðila í þekkingarsköpun og ákvörðunartöku um umhverfismál þróast í nokkrum fösnum frá 7. áratug 20. aldar. Yfirleitt er talið að þátttaka eða aðkoma fjölþættari hóps hagsmunaaðila leiði til betri stjórnunar og skapi meiri sátt um ákvarðanir, og skili þannig félagslega sterkari (e. *socially robust*) þekkingu (Hage, Leroy og Petersen, 2010). Fræðileg skrif um þátttöku hafa þó verið gagnrýnd fyrir að vera meira á fræðilegum nótum og skorta raundæmi um góðan árangur þátttöku (Hage o.fl., 2010; Reed, 2008). Reed (2008) bendir á að ef hugmyndir um þátttöku hagsmunaaðila eigi að uppfylla væntingar verði að vanda mjög til verka og hanna þátttökuferli þar sem markvisst sé unnið að því að tryggja þátttöku á öllum stigum. Það sé því hægfara ferli sem byggji á ítarlegum undirbúningi. Atriði sem skipta miklu máli ef vel á að takast er t.d. greining hagsmunaaðila. Oft hefur verið litið þannig á að það liggi nokkuð í augum uppi hverjir hagsmunaaðilar séu og algengt er að horft sé fyrst og fremst til félagslegra gerenda, þ.e. einstaklinga og mannlegra hagsmunahópa, þó dæmi séu til um að náttúrulegir ferlar eða vistkerfi fái stöðu hagsmunaaðila í slíkri greiningu (Reed, 2008). Náttúran, á hinn bóginn, er færð rödd í gegnum vísindin (Lorimer, 2012). Þannig er aðskilnaður náttúru og samfélags oft ítrekaður í verkefnum sem miða að þátttöku eða samtali um auðlindanýtingu eða umhverfisstjórnun. Annars vegar er hrein náttúra sem vísindin ljá rödd, óháð mannlegu og pólitísku samfélagi, og hins vegar er um að ræða hagsmuni og gildismat tiltekinnar menningar og samfélags (Lorimer, 2012; Pellow og Brehm, 2013).

Ef litið er til hagnýtari hliðar umhverfisstjórnunar hér á landi færist það í vöxt að einstakar stofnanir og fyrirtæki vinni með umhverfisstjórnunarkerfi sem nær til eigin starfsemi þeirra (Rannveig Ólafsdóttir, 2007; Rannveig Ólafsdóttir, Kristín Rut Kristjánsdóttir, Helga Jóhanna Bjarnadóttir og Árni Bragason, 2009). Öllu flóknari og umfangsmeiri umhverfisstjórnun er á höndum stjórnvalda og birtist hún í almennara laga- og regluumhverfi á mismunandi stjórnvaldsstigum ásamt stefnumörkun stjórnvalda á sviði umhverfismála. Tilraunir

stjórnvalda til umhverfisstjórnunar hafa fengið takmarkaða athygli og bent hefur verið á að það skorti á framtíðarsýn, heildræna hugsun og stefnumörkun á sviði umhverfismála á Íslandi (Lára Jóhannsdóttir, Brynhildur Davíðsdóttir og Snjólfur Ólafsson, 2014). Umhverfismál heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og fer það með æðsta vald í umhverfismálum landsins en að auki heyra meginstofnanir sem fara með skipan og stjórnun umhverfismála undir ráðuneytið. Auk umhverfis- og auðlindaráðuneytisins heyra umhverfistengd málefni einnig undir önnur ráðuneyti. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið stýrir til dæmis matvæla-, landbúnaðar- og byggðamálum, sjávarútvegi og fiskeldi, iðnaði, orkumálum, viðskiptum, nýsköpun og ferðaþjónustu (Lára Jóhannsdóttir o.fl., 2014).

Augljóst er að hlutverk ríkisvaldsins í umhverfisstjórnun er viðamikilið og ákaflega mikilvægt. Ábyrgðin er þó ekki aðeins á herðum þess heldur einnig á íslenskum sveitarfélögum. Á þeim hvílir ákveðin lagaleg skylda til að annast tiltekna þætti umhverfismála og þar með umhverfisstjórnun. Lögbundin verkefni sveitarfélaga eru tilgreind í fjölda laga, þar á meðal í skipulagslögum, náttúruverndarlögum og lögum um meðhöndlun úrgangs. Gegna sveitarfélög bæði hinum lögbundnu verkefnum en einnig öðrum verkefnum sem eru umfram það sem beinlínis er tilgreint í lögum. Óljóst er hvort og þá hvernig einstök sveitarfélög vinna að umhverfisstjórnun með hugmyndir um þátttöku að leiðarljósi.

Ferðaþjónusta og umhverfi

Eins og nefnt var í inngangi eiga tilraunir til stefnumótunar í ferðamálum á vegum stjórnvalda sér nokkuð langa sögu. Til skamms tíma hafa stjórnvöld þó sýnt ferðaþjónustu lítinn áhuga og lagt meiri áherslu á að styðja við frumvinnslugreinar og uppbyggingu orkuiðnaðar. Umhverfismál og náttúruvernd hafa verið fastir liðir í opinberri stefnumótun ferðamála og mjög veigamiklir allt frá drögum að stefnumótun ferðamála sem svokölluð Hjörleifsnefnd skilaði af sér til Alþingis árið 1990 (Gunnar Þór Jóhannesson, Edward H. Huijbens og Sharpley, 2010). Þar er skýrt tekið fram að umhverfisvernd sé forsenda ferðaþjónustu þar sem náttúra landsins sé helsta auðlind atvinnugreinarinnar. Í heildarstefnumótun málaflokksins sem hefur verið samþykkt síðan hefur þetta sjónarhorn verið ítrekað, oft með vísan til sjálfbærrar þróunar. Nýlegasta dæmið er Vegvísir í ferðaþjónustu (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015) þar sem orðrétt segir: „Náttúran er helsta aðráttarafl íslenskrar ferðaþjónustu og markvisst er unnið að verndun hennar með álagsstýringu og sjálfbærni að leiðarljósi“ (2015, bls. 7). Það er því ljóst að meðvitund um mikilvægi umhverfisstjórnunar í samhengi ferðaþjónustu er til staðar hjá hinu opinbera og það sama má segja um fjölmargra hagsmunaaðila sem tekið hafa þátt í mótun stefnu í ferðamálum á síðustu árum. Vandí þeirrar stefnumótunar sem hefur farið fram í gegnum árin hefur verið að hún hefur að nokkru leyti verið í lausu lofti. Fyrir því eru aðallega tvær ástæður. Í fyrsta lagi hefur skort nauðsynlega fjárfestingu í stuðningi, svo sem gagnaöflun og rannsóknun, og í annan stað er stjórnsýslulegt umhverfi ferðamála afar flókið þar sem ferðamál tengjast mjög mörgum þáttum samfélags, umhverfis og menningar (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015; Edward Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013; Gunnar Þór Jóhannesson, 2012). Innleiðing og eftirfylgni, og uppbygging innviða, bæði efnislegra á tilteknum ferðamannastöðum, og á sviði þekkingar, hefur verið tilviljunarkennd og hvergi nærri í takt við fyrirsjáanlegan vöxt ferðaþjónustu. Sumir vinsælustu áfangastaðir ferðamanna eru undir miklu álagi og ekki í stakk búnir til að taka á móti meiri umferð. Áskoranir ferðaþjónustunnar sem snúa að skipulagi og stýringu umferðar ferðafólks og nýtingar á náttúrunni sem auðlindar ferðaþjónustu eru því ofarlega á dagskrá ýmissa hagsmunaaðila ferðaþjónustunnar og meðal íbúa á mörgum svæðum á landinu (sjá t.d. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015).

Aðferðir

Rannsóknin var framkvæmd meðal ellefu einstaklinga sem hafa lögheimili og fasta búsetu í Örnefnum í Austur-Skaftafellssýslu. Þátttakendur voru valdir í gegnum markvisst úrtak þar sem leitast var við að hafa jafna dreifingu eftir kyni, aldri, uppruna og búsetu innan sveitar. Gögnum var safnað með opnum hálfstöðluðum einstaklingsviðtölum. Með opnu hálfstöðluðu viðtali er átt við samtál rannsakanda og viðmælanda sem hefur ákveðinn tilgang og ramma sem stuðst er við. Þó getur samtalið farið í ýmsar áttir innan þess ramma. Viðtalsramminn

hefur að geyma ákveðnar opnar og sveigjanlegar yfir- og undirspurningar sem rannsakandi hefur hug á að leita svara við. Áherslur þróast í samtalinu sjálfu og lögð er rík áhersla á frelsi viðmælanda til að lýsa upplifun sinni, viðhorfum, skoðunum og öðrum persónulegum málefnum. Stundum var nauðsynlegt að ýta við viðmælendum með því að setja fram ímyndaðar aðstæður og ræða möguleg viðbrögð við slíkum aðstæðum. Var það nokkuð persónubundið og þróuðust slíkar nálganir í hverju viðtali fyrir sig.

Markmið allra viðtalanna var það sama, annars vegar að kalla fram þá merkingu sem einstaklingar leggja í tengsl sín við náttúru og hins vegar að kanna upplifun þeirra, reynslu og viðhorf gagnvart umhverfisstjórnun. Viðmælendur voru spurðir hvernig þeir upplifðu eigin náttúrutengsl, um áhrif þeirra tengsla á viðhorf þeirra og hegðun gagnvart náttúru og um tilfinningaleg tengsl við náttúru og stað. Ekki var sérstaklega skilgreint fyrir viðmælendum hvað átt var við með náttúrutengslum heldur fremur leitast við að fá fram hvað viðmælendur upplifa sem sérstök tengsl við náttúru og þeirra upplifun og lýsingu á þeim tengslum. Aftur á móti voru viðmælendur spurðir um þekkingu sína á umhverfisstjórnun og þeim gefinn kostur á að heyra þá skilgreiningu sem höfð var til grundvallar rannsókninni. Viðmælendur voru í kjölfarið spurðir um upplifun sína og viðhorf til umhverfisstjórnunar. Fyrstu viðtöl voru tekin í október 2014 og þau síðustu í ágúst 2015. Viðtöl fóru ýmist fram á heimili viðmælanda eða á heimili eða skrifstofu rannsakanda, allt eftir því hvað hentaði hverjum og einum viðmælanda. Lengd viðtala var á bilinu 1–1½ klukkustund.

Við greiningu gagna var beitt tækni grundaðrar kenningar. Felur það m.a. í sér að stöðug greining rannsóknargagna fer fram samhliða gagnaöflun (Creswell, 2013). Að loknu hverju viðtali var það afritað og um leið fór fram ákveðin frumgreining gagna eða upphafs-kóðun. Þegar öll viðtöl höfðu verið tekin og afrituð hófst nákvæmari greining gagna með afmarkaðri kóðun þeirra. Markmið hennar var að ná utan um sameiginleg og ólík meginþemu sem koma fram í viðtölunum. Síðan voru gögnin lesin nokkrum sinnum yfir aftur og leitast við að greina þemu í viðtölunum sem færð voru á greiningarblöð. Náttúrutengsl var viðamikil þema í rannsókninni og fól í sér nokkur undirþemu: Tengslamyndun einstaklinga við ákveðin náttúruleg fyrirbæri, mótun og áhrif náttúrutengsla og náttúrutengsl sem hluti af staðar-tengslum. Umhverfisstjórnun var annað meginþema sem fól einnig í sér nokkur undirþemu: Umhverfisstjórnun og ágangur ferðamanna, umhverfisstjórnun og réttur heimamanna og umhverfisstjórnun og samband samfélags og náttúru. Hér verður lauslega farið yfir þau þemu sem sneru að náttúrutengslum en nánar fjallað um birtingarmyndir viðhorfa til umhverfisstjórnunar.

Öræfi

Öræfasveit er í Sveitarfélaginu Hornafirði en afmarkast af Breiðamerkursandi til austurs og Skeiðarársandi til vesturs. Austan og vestan við sveitina eru árnar, Jökulsá á Breiðamerkursandi og Skeiðará á Skeiðarársandi, sem áður sköpuðu þessari sveit mikla einangrun. Brú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi var vígð í september árið 1967 og Skeiðará var brúuð árið 1974, og þar með var orðinn til opinn hringvegur um Öræfasveit í viðlíka mynd og við þekkjum í dag (Illugi Jökulsson o.fl., 2003). Undir þeim jökli sem gnæfir hæst á Íslandi standa bæir sveitarinnar, flestir í röð við hlíðarfótinn. Bæir sveitarinnar standa þétt saman á gróðursvæðum sem náttúruhamfarir hafa ekki eytt. Þrátt fyrir nálægð byggðar við Öræfajökul sjást aðeins undirhlíðar hans frá flestum bæjanna og þær eru víða grösugar þótt skammt sé að fara upp á grýttar slóðir (Gísli Sigurðsson, 2002). Grónar hlíðar eru eitt af einkennum Öræfasveitar en annað einkenni hennar eru miklir sandar og aurar, en víðáttumestu sanda- og aurasvæðin eru Skeiðarársandur sem er nálægt 1000 km² að flatarmáli eða um 1% af flatarmáli Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2005).

Öræfingar hafa löngum búið við mikla náttúruvá. Öræfajökull er megineldstöð sem telst frekar virk á nútíma og hefur tvisvar gosið á sögulegum tíma, árin 1362 og 1727. Elstu heimildir um að sú sveit sem áður hét Litla-Hérað væri nefnd Öræfi eru frá 1412 eða hálfri öld eftir hið gífurlega gos ársins 1362 úr Öræfajökli sem grandaði byggð Litla-Héraðs og skildi eftir sig auðn og urð. Þá eru Grímsvötn, virkasta eldstöð landsins, skammt undan og hafa þau gosið með tilheyrandi jökulhlaupum og framburði. Íbúar á svæðinu hafa því löngum búið við

Það að eldgos í jökli, jökulhlaup og breytingar á stöðu skriðjökla móti landslag og framvindu gróðurs og dýralífs (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2005). Mikil veður á svæðinu hafa enn fremur sett mark sitt á samlíf samfélags og náttúru á svæðinu. Eins og lýsingar þessar bera með sér umlykur stórbrotin náttúra samfélagið í Örfum og ljóst er að hún hefur í áranna rás haft mikil áhrif á samfélag manna á svæðinu. Örfingar búa enn fremur í nánd við Þjóðgarð og hafa raunar gert lengur en flestir aðrir landsmenn en Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður 15. september 1967 og er nú hluti af Vatnajökulsþjóðgarði (Vatnajökulsþjóðgarður, e.d.). Íbúar í Örfum hafa því umtalsverða reynslu af tilraunum til umhverfisverndar og stjórnunar á landnotkun af hálfu hins opinbera.

Landbúnaður og ferðaþjónusta eru meginatvinnugreinar svæðisins og hefur ferðaþjónusta verið í mikilli sókn í Örfum hin síðustu ár eins og víðar. Yfir sumartímam fjölga þeim mjög sem búa í Örfum vegna árstímabundinnar fjölgunar starfa í ferðaþjónustu. Íbúar sveitarinnar eru hins vegar talsvert færri en áður var. Um aldamótin 1900 voru íbúar 238 talsins en eftir það fór að fækka í sveitinni og árið 1960 var fjöldinn kominn niður í 156 (Gísli Sigurðsson, 2002). Einstaklingum með skráð lögheimili í Örfum hefur fækkað enn frekar og samkvæmt Hagstofu Íslands voru 94 einstaklingar með skráð lögheimili í pósthúsinu 785 Örfi þann 1. janúar 2016 (Hagstofa Íslands, 2016).

Niðurstöður

Náttúrutengsl

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að einstaklingar upplifa sterk tengsl við náttúruna og telja hana stóran hluta af tilveru sinni, rétt eins og húsið, atvinnan og samfélagið. Áberandi er að einstaklingar upplifa viðveru og samskipti við náttúru sem sérstaklega sterka áhrifavalda við mótun náttúrutengsla. Vísu viðmælendur sérstaklega mikið til samskipta sinna við náttúrulegt umhverfi í uppvexti sínum og upplifa margir að uppvöxtur í nánd við náttúrulegt umhverfi sé ein grunnforsenda náttúrutengsla. Líkt og einn viðmælenda lýsir því:

Ég tel sjálf að það hafi mjög mikil áhrif að alast upp sem hluti af þessu umhverfi. Það skiptir líka miklu máli að alast ekki upp sem áhorfandi heldur sem þátttakandi, fá að kynnast því að lifa með náttúrunni.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að viðvera og nán samskipti við náttúru í æsku leiði af sér sterkari náttúrutengsl meðal einstaklinga. Jafnframt kemur fram sú upplifun fólks að áframhaldandi stöðug samskipti við náttúru styrki þau tengsl sem stofnað er til í æsku. Mótun tengsla í æsku virðist hins vegar einnig hafa mikil áhrif á þá framvindu. Þannig virðast einstaklingar sem mynda sterk tengsl við náttúru á æskuárum vera líklegri til þess að leita eftir því að vera í náttúrulegu umhverfi. Sumir lýstu því þannig að tengsl sem myndast í æsku virðist ávallt vera til staðar án þess að þeim sé sérstaklega viðhaldið.

Náttúrutengsl einstaklinga eru misjöfn og tengist fólk náttúrulegu umhverfi með ólíkum hætti. Fram koma tengsl við náttúruna sem heild en jafnframt tengsl við ákveðið náttúrulegt umhverfi. Voru slík tengsl gjarnan rökstudd með vísan í reynslu frá því í æsku og/eða tilfinningalega líðan einstaklinga þegar þeir njóta nálægðar við hið tiltekna umhverfi. Þannig geta hin ólíku náttúrulegu fyrirbæri fjall og fjara til dæmis kallað fram svipaða upplifun meðal tveggja ólíkra einstaklinga. Gefur það til kynna að upplifunin sé ekki endilega háð eðli hins náttúrulega fyrirbæris heldur fremur tengslum einstaklingsins við þetta tiltekna náttúrulega umhverfi.

Með aukinni viðveru og samskiptum við náttúru virðist fólk tengjast henni sterkari böndum og um leið gera sér betur grein fyrir þeim lífsgæðum sem felast í hinu náttúrulega umhverfi. Íbúar eru allir mjög meðvitaðir um áhrif náttúrunnar á tilveru þeirra í Örfum og sumir tala um áberandi náttúrukrafta eins og áhrif flóða, veðurfars og eldgosa á líf sitt og samfélagsins í Örfum. Aðrir tala um fegurð náttúrunnar, ást sína á staðnum og náttúru hans,

huglægt gildi náttúrunnar, náttúruna sem uppsprettu andlegrar orku og krafts, gleðigjafa og vettvang gæðastunda. Eftirfarandi lýsing eins viðmælenda er dæmi um slíka upplifun:

Til dæmis ef að mér líður eitthvað illa, ef ég fer bara og fæ mér göngutúr þá líður mér betur þegar ég kem til baka. [...] mólendi með miklum mosa, grjót með skófum það er svo fallegt og það er svo gaman að horfa niður fyrir sig og þá fær maður bara í gegnum skilningarvitin einhverja svona heilun.

Hvað sem nefnt er, þá er virðing og umhyggja fyrir náttúrunni í brennidepli og náíð samlíf samfélags og náttúru í Örafum birtist sem frumorsök þess að einstaklingar upplifa áhrifin með svo sterkum hætti.

Örafasveit var til dæmis mjög gróðurlítill sveit og illa farin af bæði eldgosum og þessum stóru hlaupum og vötnum. Mann hefur langað að endurheimta þessi gæði sem voru og uppgræðsla því alltaf verið stór hluti af því að búa hérna.

Hér er því lýst hvernig aðstæður samfélagsins á svæðinu krefjast þess að samfélagið lifi ekki aðeins á náttúru eða í henni heldur einnig með henni. Samfélagið býr við slíkar aðstæður að það getur aldrei orðið annað en háð náttúrunni. Náttúran hefur veruleg áhrif á lífsgæði fólks og það gerir það að verkum að samfélagið þarf að laga athafnir sínar að náttúrunni. Við slíkar aðstæður lifa einstaklingar með náttúrunni á annan hátt en víða er gert.

Í rannsókninni var fólk einnig spurt út í upplifun sína af áhrifum náttúrutengsla á viðhorf og hegðun þess gagnvart náttúru. Einmitt í þessu felst mikilvægi náttúrutengsla fyrir mótun umhverfisstjórnunar. Flestir töldu að áhrif náttúrutengsla á viðhorf þeirra og hegðun væru einhver en jafnframt kom fram að fleiri áhrifavaldar, eins og félagsleg orðræða, kæmu að mótun viðhorfs þeirra. Það kom skýrt fram að samlíf með náttúru leiðir af sér ákveðið viðhorf einstaklinga um heilbrigt samband samfélags og náttúru þar sem jafnvægi skuli ríkja í nýtingu og verndun. Greinilegt er að tengsl við náttúru kunna að hafa áhrif á viðhorf einstaklinga vegna þeirra tilfinninga sem þeir bera til náttúrunnar í gegnum tengsl sín. Einn viðmælenda lýsir því hvernig tengsl hans hafa áhrif á hegðun hans gagnvart náttúru: „Já, ég held að það sé þannig. Af því að ég er uppalinn svona mikið í náttúrunni, þess vegna geri ég hlutina eins og ég geri þá“.

Hugmyndir um mótandi áhrif náttúrunnar á fólk fá því hér byr undir báða vængi. Greinilegt er að upplifun einstaklinga er á þann veg að samfélag og náttúra í Örafum séu nátengdar einingar og hafi alla tíð verið. Af lýsingum einstaklinga er ljóst að náttúruframslegar aðstæður samfélagsins hafa haft verulega mikil áhrif á gerð þess og ríkjandi viðhorf og hugsunarhátt einstaklinga sem eru hluti af þessu samfélagi. Samræmist þetta enn fremur þeim skilningi á sambandi samfélags og náttúru sem einkennir umræðu um tengslahátt samfélags. Maður og náttúra eiga sannarlega í samræðum og milli eininganna er gagnkvæm virkni; maðurinn lifir með náttúru en ekki á henni.

Umhverfisstjórnun

Tækifæri umhverfisstjórnunar eru að hluta háð vilja samfélagsins til þess að vinna að málefnum umhverfisins. Vegna þeirra áhrifa sem náttúrutengsl virðast hafa á viðhorf og hegðun einstaklinga má því ætla að þekking á þeim hafi gildi fyrir mótun umhverfisstjórnunar.

Viðhorf til umhverfisstjórnunar

Almennt má segja að viðhorf til umhverfisstjórnunar sé jákvætt meðal íbúa í Örafum og kallar samfélagið eftir stjórnun sem verndar náttúru svæðisins. Eftirfarandi ummæli eru dæmi um slíkt viðhorf: „Það er ekki mikil umhverfisstjórnun hér, ég hefði viljað hafa meiri stjórnun. Mér finnst líka að það eigi ekkert að hleypa fólki út um allt, landið á að fá að vera í friði“. Eftir því sem ferðamönnum og ferðaþjónustufyrirtækjum hefur fjölgað á svæðinu hafa íbúar

orðið fyrir meira áreiti af völdum ferðamanna en áður var og hefur það vafalítið áhrif á það viðhorf að takmarka verði aðgengi fólks. Þó svo að umhverfisstjórnun hafi ávallt það markmið að stjórna áhrifum manna á umhverfi og náttúru gæti hún í tilfelli Öræfinga einnig snert áhrif ferðaþjónustunnar á samfélagið. Samfélagið er ekki einungis komið að þolmörkum hvað varðar áhrif á náttúru heldur hefur straumur ferðamanna einnig haft áhrif á venjur heimamanna. Sem dæmi má nefna að nú er ekki lengur svo að þú getir í sveitinni gengið frá íbúðarhúsi þínu og bílum og öðrum tækjum ólæstum. Samhliða þessu viðhorfi kom hins vegar ávallt skýrt fram að í huga íbúa skiptir virkilega miklu hvernig staðið er að slíkri stjórnun, hver aðkoma íbúa er og á höndum hverra stjórnun á svæði þeirra skal vera. Líkt og einn viðmælandi orðaði það: „Þó ég vilji stjórnun þá vil ég samt ekki slæma stjórnun. Það er það sem menn óttast mest. Auðvitað vill enginn umhverfisstjórnun sem virkar ekki eða er ósanngjörn“. Sjá má ákveðin tengsl milli neikvæðs viðhorfs og upplifunar einstaklinga á því sem í þeirra huga eru öfgakenndar aðgerðir umhverfisstjórnunar. Neikvætt viðhorf til umhverfisstjórnunar tengist einnig gjarnan neikvæðri upplifun fólks af þeim stjórnvöldum sem farið hafa með einhvers konar umhverfisstjórnun. Eru þar áberandi lýsingar á því að fram hjá því sé gengið við stjórnun og reglusetningar og þegar slíkt hendir verður það til þess að takmörkuð sátt ríkir um það sem lagt er fyrir samfélagið. En sátt innan nærsamfélagsins á hverju svæði er í huga allra viðmælenda ein af meginforsendum þess að vel takist til við stjórnun, þá bæði í þágu samfélagsins og stjórnunarinnar:

Við viljum bara ekkert taka við einhverjum boðum og bönnum úr 101 Reykjavík hér og nú. Þessi boð oft ofan frá, frá umhverfisráðuneytinu og öðru. Öll þessi lög og reglur, þær virka heldur ekkert ef að heimafólkið er á móti þeim. Það virkar bara ekki.

Nokkuð áberandi eru efasemdir fólks um að utanaðkomandi aðilar eigi alfarið að fara með stjórnun á svæði þess og er þá sérstaklega áberandi að talað sé um stjórnun frá Reykjavík. Vísa viðmælendur einnig gjarnan til þess þegar stjórnendur með litla þekkingu á staðháttum setja fram boð og bönn sem mæta andstöðu samfélagsins. Íbúar hafa greinilega takmarkaða trú á því að utanaðkomandi aðilar búi yfir þeirri þekkingu sem til þarf, sérstaklega vegna þess að þeir aðilar hafa ekki reynt samlíf samfélags og náttúru á svæðinu á eigin skinni. Þekking á því samlífi birtist sem forsenda þess að fólk telji stjórnun verðuga.

Lýsingar viðmælenda á þeim aðferðum sem viðhafðar hafa verið í umhverfisstjórnun ríma nokkuð við þá nálgun sem einkennir tengslahátt feðraveldis. Skil milli sérfræðiþekkingar og þekkingar leikmanna eru þeim greinilega hugleikin og hafa þau upplifað að þó svo að þekking þeirra sé kannski viðurkennd sé vísindaleg þekking alltaf ráðandi við ákvarðanatöku. Eins og kom fram hér að framan einkennist umhverfisvernd á grundvelli feðraveldis af vísindalegri rökhyggju þar sem náttúran er afmörkuð eining. Er það ekki í takt við nálgun samfélagsins á samband þess við náttúru.

Umhverfisstjórnun og ágangur ferðamanna

Umræða um umhverfisstjórnun og viðhorf Öræfinga til umhverfisstjórnunar hafði þá tilhneigingu að leiðast, á einn eða annan hátt, út í umræðu um ferðamenn. Í því samhengi snýr orðræða fólks ítrekað að fjölda ferðamanna og ágangi af þeirra völdum á náttúru svæðisins, sem og illri umgengni þeirra við náttúruna. Endurspeglast hér hvernig íbúar upplifa skort á stefnumótun og stjórnun innan ferðaþjónustunnar, sérstaklega hvað varðar aðgangsstýringu. Áberandi er sú upplifun viðmælenda að hnignun náttúru sé bein afleiðing ágangs þess fjölda ferðamanna sem fara um svæðið sem oft er metinn í samanburði við ágang og önnur umhverfisáhrif búfjár. Eftirfarandi ummæli viðmælenda eru dæmi um þessa sýn:

Maður er farinn að hafa áhyggjur af þessum gríðarlega ferðamannastraum. Maður sér orðið á náttúrunni, hún er farin að láta á sjá víða. Það er það sem maður telur helst ógna náttúrunni, það er ekki sauðfjárbeit í dag, sem var.

Aðrir viðmælendur taka undir og einn þeirra segir: „Þessi boð og bönn sem bændur þurfa að hlusta á út af skepnum, það er enginn ágangur af þeim miðað við þessa túrista“.

Íbúar í Örafum sem hafa fylgst með breytingum á náttúru svæðisins eru orðnir fremur uggandi yfir þeirri þróun sem blasir við í tengslum við fjölda ferðamanna. Ekki má skilja það svo að því sé haldið fram að ágangur ferðamanns sé skaðlegri en heimamanns, heldur er greinilegt að fjöldinn er hið eiginlega vandamál og er hann undantekningarlaust hluti af umræðunni í þessu sambandi. Merkja má þá upplifun einstaklinga að um algert stjórnleysi sé að ræða þegar kemur að umferð ferðamanna, eins og eftirfarandi ummæli bera með sér: „Mér finnst að það megi alveg stjórna þessu meira. Það er eins og það verði bara endalaust að fjölga þessum túristum, eins og það sé lögmál“. Annar viðmælandi segir: „Þessir túristar eiga að fá að vera alls staðar. Hvort sem það eru göngustígar eða ekki, það finnst mér verst“. Vekur það furðu íbúa á svæðinu hve litla athygli skaðleg áhrif ferðaþjónustunnar á umhverfi og náttúru hafa fengið.

Einnig kemur fram að samfélagið hefur gert tilraunir til þess að stjórna því sem mögulegt er. Sem dæmi má nefna ummæli eins viðmælenda um Breiðamerkurfjall: „Við viljum bara hafa þetta lokað og það má eitt fjall vera ósnortið fyrir þessum andskotans túristum“. Breiðamerkurfjall er af náttúrunnar hendi einangrað og þannig vilja heimamenn hafa það. Þangað er aðeins fært um kláf sem heimamenn hafa lokaðan og aðeins er farið á fjallið þegar þeir veita til þess leyfi. Verndun Breiðamerkurfjalls fyrir ágangi manna er því ákvörðun samfélagsins í Örafum. Ummæli þessi fela jafnframt í sér neikvætt viðhorf til ferðamanna en slíkt viðhorf var nokkuð algengt og ljóst að samfélagið er komið að þolmörkum sínum.

Í þessu tiltekna samhengi umhverfisstjórnunar og ferðamennsku er áberandi viðurkenning viðmælenda á mikilvægi umhverfisstjórnunar. Miðað við birtingarmynd ferðamennsku í gögnunum má kannski segja að sú viðurkenning komi ekki á óvart. Umhverfisstjórnun birtist gjarnan sem svar við þeirri óæskilegu þróun sem blasir við fólki. Trú einstaklinga á tengslum fjölda ferðamanna og hnignunar náttúru virðist því ekki aðeins rót neikvæðs viðhorfs til ferðamanna heldur er hún um leið rót jákvæðs viðhorfs meðal viðmælenda til umhverfisstjórnunar.

Enginn viðmælenda dregur í efa gildi ferðamenskunnar fyrir búsetu í sveitum en það breytir ekki þeim hugsjónum sem þeir hafa þegar kemur að því hvað sé ásættanlegur fórnarkostnaður. Náttúran er greinilega ekki fórn sem heimamenn eru tilbúnir til að færa og einkennist umræðan af miklum vilja viðmælenda til þess að vernda náttúru svæðisins fyrir ágangi ferðamanna. Telja þeir brýnt að grípa til aðgerða svo að umhverfi og náttúra samfélags þeirra verði ekki fyrir enn frekari skaða. Sé litið til umhverfisstjórnunar á því svæði sem hér um ræðir er greinilegt hvert helsta viðfangsefni þeirrar stjórnunar ætti að vera í hugum heimamanna. Loks sýna gögn rannsóknarinnar fram á gríðarlega staðbundna þekkingu á ástandi náttúru og þeim breytingum sem eru að eiga sér stað. Þá þekkingu vilja viðmælendur sjá nýtt og kemur skýrt fram í umræðu þeirra flestra að þeir vilja sjá áhrif hins staðbundna samfélags meiri þegar kemur að stjórnun á svæðinu.

Umhverfisstjórnun og samband samfélags og náttúru

Greinilegt er að upplifun einstaklinga er á þann veg að samfélag og náttúra í Örafum séu samofnar einingar og hafi alla tíð verið. Af lýsingum einstaklinga er ljóst að aðstæður samfélagsins hafa haft verulega mikil áhrif á gerð þess og ríkjandi viðhorf og hugsunarhátt einstaklinga sem eru hluti af þessu samfélagi. Í gögnunum endurspeglast hvernig íbúar upplifa með afgerandi hætti samlíf samfélags og náttúru í Örafum og hvernig á svæðinu eru ríkjandi sjónarmið meðal íbúa um að stuðla að jafnvægi í samlífi manns og náttúru. Óskráð regla um bann við veiðum á rjúpu og tilraunir heimamanna til beitarstjórnunar eru dæmi um birtingarmyndir þeirra sjónarmiða. Íbúar telja að samfélagið sem heild beri hag umhverfis, náttúru og lífríkis svæðisins fyrir brjósti þó þeir vilji jafnframt sýna þörfum samfélagsins skilning. Rökstuðningur viðmælenda byggist gjarnan á staðhæfingum þeirra um að þeirra eigin hagsmunir séu í húfi og vegna náinna tengsla og margþætts samlífs þeirra með náttúru svæðisins geri þeir sér grein fyrir því. Viðmælendur upplifa því mikinn vilja samfélagsins til að eiga í heilbrigðu sambandi við náttúruna.

Sjónarhorn íbúa mótast að töluverðu leyti af samvistum manna við náttúru svæðisins til fjölda ára. Eins og fram hefur komið er samfélaginu á staðnum annað um náttúruna, en hins vegar eru einnig margir á móti algerum boðum og bönnum, fyrst og fremst vegna þess að þá finnst þeim ekki gert ráð fyrir því að samfélag fólks geti lifað með náttúrunni á heilbrigðan hátt. Eftirfarandi ummæli viðmælanda eru gott dæmi um það sjónarhorn:

Ég vil ekki að okkur sé meinað að keyra eins og til dæmis á fjórhjóli þegar það er verið að smala og svona. Það myndi náttúrliga ekkert ganga, þá eru menn bara jafnframt að segja að það eigi ekkert að vera búseta hérna.

Þarna má einnig sjá ríka áherslu á að umhverfisstjórnun taki í senn tillit til samfélags og náttúru. Viðmælendum finnst aftur á móti ekki endilega að þannig sé staðið að málum nú á tímum. Eins og komið hefur fram er vantraust á stjórnvöld áberandi, eins og eftirfarandi orð bera með sér: „Þegar maður hugsar út frá þessu þá hefur maður ekki alveg traust á yfirvöldum til að þykja það vænt um mann að vilja jafnvægi milli samfélagsins og náttúrunnar“. Í tengslum við umræðu einstaklinga um óheppilega árekstra milli samfélags og stjórnvalda er það sameiginleg upplifun viðmælanda að þeir eigi gjarnan rætur í vanþekkingu þeirra er fara með stjórn á aðstæðum og sérstaklega samlífi samfélags og náttúru á svæðinu. Einn viðmælanda lýsir sinni sýn svo:

Ég held að menn séu svolítið að reyna að taka mið af þörfum samfélagsins en svo er það bara stundum sem maður upplifir það að fólk er að reyna að stýra einhverju sem það hefur ekki vit á. Þá er það bara ávísun á leiðinlegt klúður yfirleitt.

Þessu tengt kemur skýrt fram mikil trú fólks á mikilvægi þess að hugsa stjórnun út frá sérhverju samfélagi. Skiptir miklu máli í huga fólks samtal við íbúa og samfélagið sem heild á hverjum stað. Samfélagið vill ekki án samtals þurfa að taka við boðum og bönnum utanaðkomandi aðila. Nokkurt samræmi var í svörum viðmælanda hvað varðar þetta efni. Reyndust viðmælendur margir hafa í ranni sínum reynslusögu þess efnis að stjórnun og reglusetning hefði á stundum verið þeim illskiljanleg. Þegar slíkar reglur eru settar vaknar sú spurning hvort samráð hafi verið haft við íbúa. Í þessu sambandi bendir einn viðmælanda á frekar skýrt dæmi um skort á samráði við samfélag sveitarinnar þegar hann lýsir upplifun sinni af því vinnulagi sem viðhaft var þegar stækka átti þjóðgarðinn í Örafum og fara með hann í farveg Skeiðarár og alveg niður til sjávar. Segir hann: „Til dæmis þegar það átti að gera þetta að þjóðgarði. Fyrstu fréttir sem við fengum af þessu var að við sáum kort inni á heimasíðu umhverfisráðuneytisins og þá var búið að teikna þetta upp“.

Þegar vikið er að náttúru svæðisins er athyglisvert að hugsjónir heimamanna eru um margt annars eðlis en það sem kalla mætti ráðandi nálgun náttúruverndar. Áhugavert er hvernig hin staðbundna þekking getur falið í sér aðra sýn á hvað sé æskilegt fyrir náttúru svæðisins og hvað ekki. Sem dæmi um það eru ummæli eins viðmælanda þar sem hann lýsir því hvernig stækkun þjóðgarðsins var ekki aðeins óæskileg í hugum heimamanna vegna ráðstöfunar landsins til ríkisins:

Við vorum mjög á móti þessu Örafingar. Þarna er land sem enginn kemur á og þá er þetta friðað af náttúrunnar hendi af því að það er enginn vegur þangað. Þarna er enginn og af hverju á þá að vera að koma með fólk á þetta svæði?

Eftir að hafa horft upp á áhrif ferðamanna á náttúru svæðisins, ekki síst innan þjóðgarðsins í Skaftafelli, er sú aðgerð að fella svæðið inn í þjóðgarðinn ekki endilega það sem kemur náttúrunni best að mati heimamanna. Taka ber fram að viðhorf einstaklinga til þjóðgarðsins í Skaftafelli er alls ekki neikvætt heldur tengist umræðan oft mati á því hvað séu ásættanleg áhrif manna á náttúru og hvað ekki. Einmitt í þessari nálgun felst rökstuðningur fyrir aðkomu staðkunnugra einstaklinga að stjórnun. Vegna þekkingar samfélagsins á staðháttum er framlag þess í hugum fólks sérstaklega mikilvægt. Einnig kemur fram hjá mörgum viðmælanda að með samráði við hið staðbundna samfélag séu meiri líkur á samstarfsvilja samfélagsins. Gögn

rannsóknarinnar endurspeglar því sérstaklega vel hvers konar aðferðir fólk vill sjá viðhafðar og skiptir þar meginmáli að haft sé raunverulegt samráð við hið staðbundna samfélag.

Umhverfisstjórnun og réttur heimamanna

Áhugavert er að sjá hvernig það viðhorf birtist í gögnum rannsóknarinnar, þó með misjafnlega sterkum hætti, að heimamenn og þeir sem búa á landinu skuli hafa tiltekinn rétt til nýtingar og athafna á því. Þegar viðmælendur víkja að auknum rétti heimamanna nefna þeir gjarnan daglegar athafnir sínar sem hafa sérstakan tilgang og rökfærsla þeirra felur gjarnan í sér umræðu um nauðsynlegar ferðir bænda sem hafa oft þann tilgang að sinna búfé eða komast að ræktunartúnum á svæðinu. Tengist umræðan oft mati á því hvað séu ásættanleg áhrif manna á náttúru og hvað ekki. Athyglisvert er að sjá birtast í gögnunum þennan greinarmun sem felur í sér að ákveðin áhrif á náttúru sem koma til vegna búsetu manna á svæðinu eru talin ásættanlegri en áhrif af völdum gesta. Þennan greinarmun má til dæmis sjá í umræðu um umferð á slóðum á svæðinu sem bændur keyra gjarnan í erindum sínum tengdum búskap. Hann kristallast í þessum orðum: „Mér finnst bara vera sitthvað hvort þú átt heima hérna og átt landið eða hvort að það kemur hingað fólk og vill keyra utan vega“.

Það má þó ekki skilja það svo að heimamenn skuli hafa sérstakan rétt fyrir það eitt að vera heimamenn heldur byggja viðmælendur þessa skoðun sína á ákveðnum rökum. Ásamt því að rökstyðja mál sitt með vísan í nauðsynlegar athafnir íbúa í tengslum við búskap sinn rökstyðja þeir þann greinarmun gjarnan með því að tala um álag á náttúruna. Benda þeir í því sambandi á það að náttúran kunni að þola fremur litla umferð þeirra þó að hún þoli ekki umferð allra án takmarkana, eins og einn viðmælandi útskýrði:

Slóðar sem maður fer til dæmis á Breiðamerkursandi, sem eru keyrðir einu sinni eða tvisvar á ári, þeir þola kannski ekki 600 bíla á ári. Það er tvennt ólíkt og það er svo margt svona sem þarf að hugsa um.

Þegar umhverfisstjórnun er rædd út frá athöfnum heimamanna má í orðræðu margra merkja andstöðu við alger boð og bönn og þá sérstaklega hvernig slík boð og bönn hafa að þeirra mati hamlandi áhrif á nauðsynlegar aðgerðir heimamanna á svæðinu. Virðast slíkar hömlur vera ofarlega í huga fólks þegar umhverfisstjórnun er rædd í þessu samhengi. Það er aftur á móti alveg ljóst að viðhorf fólks er ekki á þann veg að samfélag manna skuli vera hömlulaust í athöfnum sínum í náttúrunni. Heilbriggt samlíf samfélags og náttúru er alltaf hluti af þessari umræðu, þar sem fólk vill sjá tekið tillit til beggja eininga við umhverfisstjórnun. Eftirfarandi ummæli eru dæmi um þetta sjónarmið: „Ég er ekki hlynnt því að það sé allt bannað, mér finnst alveg sjálfsgagt að fella lög og reglur að því sem gæti talist skynsamlegt í takt við náttúruna“.

Ekki verður þó fram hjá því litið að öllu neikvæðara viðhorf birtist hér til umhverfisstjórnunar og snýst umræða viðmælenda, í samhengi við rétt heimamanna, frekar um hamlandi áhrif og öfga slíkra aðgerða. Það er nokkuð ólíkt því viðhorfi sem undirstrikaði mikilvægi umhverfisstjórnunar í tengslum við fjölda ferðamanna. Svo virðist sem neikvætt viðhorf íbúa til umhverfisstjórnunar eigi fyrst og fremst rætur í upplifun einstaklinga og reynslu af því sem í þeirra huga eru öfgakenndar aðgerðir umhverfisstjórnunar. Sjá má að alger boð og bönn, sem eru að mati íbúa í þversögn við upplifun þeirra af sambandi samfélags og náttúru á svæðinu, virðast einnig til þess fallin að skapa neikvætt viðhorf meðal þeirra.

Lokaorð

Hér hefur verið rýnt í samband náttúrutengsla og umhverfisstjórnunar. Rannsóknin veltir upp spurningu um mögulegt hagnýtt gildi skilnings á náttúrutengslum fyrir mótun umhverfisstjórnunar og bendir um leið á mikilvægi þess að þýða náttúruskilning heimafólks inn í stjórnþæki og skipulag hins opinbera. Vekur rannsóknin upp spurningar er varða áherslur og aðferðir umhverfisstjórnunar á Íslandi. Ljóst er að umhverfisstjórnun er í augum fólks gríðarlega mikilvæg en um leið má sjá að verðugt verkefni er að skapa viðtækari sátt um slíka stjórnun. Í þeim tilgangi er mikilvægt að leita leiða til þess að efla samráð við íbúa með það

að leiðarljósi að taka tillit til náttúruskilnings og náttúrutengsla heimafólks við mótun umhverfisstjórnunar. Skiptir miklu máli að leitað sé til íbúa í þeim tilgangi að fá fram þeirra sýn, með það að markmiði að byggja ákvarðanatöku í senn á staðbundinni reynsluþekkingu og sérfræðiþekkingu. Til að sannarlega sé byggt á hinni staðbundnu þekkingu við ákvarðanatöku er afar mikilvægt að aðkoma íbúa eigi sér stað fyrir í ferlinu en raunin er til dæmis þegar kemur að hinum hefðbundnu íbúafundum sem gjarnan eru haldnir í dag. Vænlegt gæti til dæmis verið að standa fyrir rýnihópum meðal íbúa á tilteknu svæði þar sem rætt væri skilgreint málefni og leitað eftir viðhorfum nærsamfélagsins við undirbúning aðgerða. Ljóst er að slíkt ferli setur einnig auknar skyldur á heimafólk fyrir þátttöku í stjórnunarferlum.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fólk upplifi stöðu sína gagnvart náttúru með ákveðnum hætti að sú staða hafi áhrif á viðhorf þess til umhverfisstjórnunar. Stjórnþæki, eins og kerfi umhverfisstjórnunar, öðlast sess og merkingu í tengslum sem spanna svið náttúru og samfélags. Annað er ekki utan við hitt. Með vísan til þrennskonar tengslahátta náttúru og samfélags sem Gísli Pálsson (1996) gerði grein fyrir má segja að þátttakendur taki sér stöðu í samfélagi með náttúrunni (tengslaháttur samfélags). Áhersla er lögð á „samtal“ og þekkingu sem verður til við reynslu og yfir lengri tíma í krafti athafna fólks í náttúrulegu umhverfi. Í ljósi slíkra tengsla má merkja skýra aðgreiningu sem þátttakendur draga á milli íbúa á svæðinu sem hafa aðgang að þekkingunni og hinna utanaðkomandi, hvort sem um er að ræða sérfræðinga frá „hundraðgeinum“ eða ferðafólk. Þetta birtist til að mynda í því að umhverfisstjórnun hefur jákvæða merkingu í huga heimafólks sem umferðarstjórnun fyrir ferðamenn. Um leið og það dregur fram raunverulegar áskoranir ferðaþjónustu og nauðsyn þess að skipuleggja nýtingu lands með hliðsjón af henni undirstrikar þetta að tengslaháttur samfélags (e. *communalism*) skapar einnig aðgreiningu rétt eins og tengslahættir framandgervingar (e. *orientalism*) og feðraveldis (e. *paternalism*) þó annars konar sé. Það er mikilvægt að mála staðbundin samfélög ekki rósráðum litum eða setja íbúa þeirra í hlutverk einhverskonar náttúrufólks vegna þess að þeir upplifa sig í samfélagi með náttúrunni. Meira er um vert að skapa leiðir til að flétta saman formlega þekkingu, eins og þá sem ýmiskonar stjórnþæki umhverfismála byggja á, og staðbundna reynsluþekkingu og náttúruskilning heimafólks, og skapa þannig pláss fyrir ólíkan náttúruskilning innan stjórnkerfa umhverfismála. Í tilfelli Öræfa má leiða að því líkum að náttúruskilningur sem kenna má við tengslahátt samfélags veiti jörðinni meira rými sem raunverulegs geranda í sambandi manns og náttúru. Það breytir afstöðu manns og náttúru og gæti skapað betri möguleika til að takast á við þær umhverfisaðstæður og áskoranir sem fólk stendur frammi fyrir.

Sú rannsókn sem hér er byggt á snýr aðeins að samfélaginu og íbúum í Öræfum. Mikilvægi skilnings á tengslum samfélags og náttúru fyrir mótun umhverfisstjórnunar felst ekki síst í þeirri staðreynd sem fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að tengsl geta verið talsvert ólík milli svæða og samfélaga. Því væri mikilvægt að framkvæma sambærilega rannsókn í ólíkum samfélögum er búa við ólíkar aðstæður, einmitt til þess að skoða þennan mun á milli samfélaga. Einnig er mikilvægt að ná til fleiri hagsmunahópa en íbúa, til dæmis ferðamanna, rekstraráðila sem eru með starfsemi á umræddu svæði og fulltrúa sveitarfélaga á hverjum stað. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa einnig tilefni til að ræða nánar og rýna forsendur og þær meginreglur sem umhverfisstjórnun hvílir á.

Sú staðreynd að umhverfisstjórnun ber helst á góma í tengslum við ferðaþjónustu bendir til þess að fólk upplifi vöxt greinarinnar og fjölgun ferðamanna sem umhverfisvandamál sem koma verði böndum á. Samanburður er gerður milli sauðfjárbúskapar og beitarálags og umhverfisálags af völdum ferðafólks. Ljóst er að ferðaþjónustan á við stjórnunarvanda að stríða, ekki síst vegna mikils flækjustigs í stjórnkerfinu sem Stjórnstöð ferðamála er á einhvern hátt ætlað að vinna á (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015). Þó má einnig benda á að hægt er þýða hagsmuni ferðaþjónustunnar betur inn í þau stjórnkerfi sem til staðar eru og veita þessari atvinnugrein, sem er langt frá því að vera einsleit og vel afmarkaður geiri, raunverulegt rými. Það þarf með öðrum orðum, ekki endilega að búa til sérstök kerfi til stjórnunar á umferð ferðafólks, heldur nýta þau tæki sem nú þegar eru til staðar betur til að vernda og byggja upp meginauðlind ferðaþjónustunnar, náttúruna.

Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010). Planning Nature Tourism in Iceland based on Tourist Attitudes. *Tourism Geographies*, 12(1), 25-52. doi:10.1080/14616680903493639
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir í ferðaþjónustu*. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- Barad, K. (2007). *Meeting the Universe Halfway: Quantum Physics and the Entanglement of Matter and Meaning*. Durham NC: Duke University Press.
- Berghoefler, U., Rozzi, R. og Jax, K. (2010). Many Eyes on Nature: Diverse Perspectives in the Cape Horn Biosphere Reserve and Their Relevance for Conservation. *Ecology and Society*, 15(1).
- Björn Þorsteinsson (ritstj.) (2016). *Náttúran í ljósaskiptunum: Mannvera og náttúra í austrænni og vestrænni hugsun*. Reykjavík: Heimspekistofnun-Háskólaútgáfan.
- Creswell, J.W. (2013). *Qualitative inquiry & research design: Choosing among five approaches*. London: Sage.
- Edda R. H. Waage. (2013). *The Concept of Landslag: Meanings and Value for Nature Conservation*. (Doktorsritgerð), University of Iceland, Reykjavík.
- Edward Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson. (2013). *Ferðamál á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning.
- Gísli Pálsson (1996). Human-environmental relations: Orientalism, paternalism and communalism. Í P. Descola og G. Pálsson (ritstj.), *Nature and Society: Anthropological Perspectives*. London: Routledge.
- Gísli Pálsson, Szerszynski, B., Sörlin, S., Marks, J., Avril, B., Crumley og C., Weehuize, R. (2013). Reconceptualizing the 'Anthropos' in the Anthropocene: Integrating the social sciences and humanities in global environmental change research. *Environmental Science and Policy*, 28, 3-13. doi:http://dx.doi.org/10.1016/j.envsci.2012.11.004
- Gísli Sigurðsson. (2002). *Seiður lands og sagna: Sunnan jökla*. Reykjavík: Mál og mynd.
- Gren, M. og Huijbens, E. H. (2014). Tourism and the Anthropocene. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 14(1), 6-22. doi:10.1080/15022250.2014.886100
- Gunnar Þór Jóhannesson. (2012). Tími til að tengja? Af stefnumótun í ferðaþjónustu á Íslandi. *Stjórnsmál og Stjórnsýsla*, 8(1), 173-193.
- Gunnar Þór Jóhannesson, Edward H. Huijbens og Sharpley, R. (2010). Icelandic Tourism: Past Directions – Future Challenges. *Tourism Geographies*, 12(2), 278-301.
- Gunnar Þór Jóhannesson, Ren, C. og van der Duim, R. (2016). ANT, tourism and situated globality: Looking down in the Anthropocene. Í M. Gren og E. Huijbens (ritstj.), *Tourism and the Anthropocene* (bls. 77-93). London: Routledge.
- Gunnþóra Ólafsdóttir. (2008). Náttúrutengsl og upplifanir ferðamanna á Íslandi: Fjögur tengslamynstur velliðunar. *Landabréfið*, 24, 51-76.
- Görg, C. (2010). Societal relationships with nature: A dialectical approach to environmental politics. Í A. Biro (ritstj.), *Critical ecologies: The Frankfurt school and contemporary environmental crises* (bls. 43-72). Toronto: University of Toronto Press.
- Görg, C. (2011). Shaping relationships with nature: Adaptation to climate change as a challenge for society. *Die Erde*, 142, 411-428.
- Hagstofa Íslands. (2016). Mannfjöldinn eftir pósnúmerum, kyni og aldri 1998-2016. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>
- Hage, M., Leroy, P. og Petersen, A. C. (2010). Stakeholder participation in environmental knowledge production. *Futures*, 42, 254-264. doi:10.1016/j.futures.2009.11.011
- Haraway, D. (1991). A Cyborg Manifesto: Science, Technology and Socialist Feminism in the Late Twentieth Century. Í D. Haraway (ritstj.), *Simians, Cyborgs and Women: the Reinvention of Nature* (bls. 149-181). London: Free Association Books.
- Illugi Jökulsson o.fl. (2003). *Ísland í aldanna rás 1900-2000: Saga lands og þjóðar ár frá ári*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Ingold, T. (2000). Globes and spheres: The topology of environmentalism *The Perception of*

- the Environment: Essays in Livelihood, Dwelling and Skill* (bls. 209-218). London: Routledge.
- Ingold, T. (2006). Rethinking the Animate, Re-Animating Thought. *Ethnos*, 71(1), 9-20. doi:10.1080/00141840600603111
- Ingold, T. (2011). *Being Alive: Essays on movement, knowledge and description*. London og New York: Routledge.
- Irwin, A. (2001). *Sociology and the Environment: A Critical Introduction to Society, Nature and Knowledge*. Cambridge: Polity Press.
- Karl Benediktsson og Katrín Anna Lund (ritstj.). (2010). *Conversations with landscape*. Farnham: Ashgate.
- Lára Jóhannsdóttir, Brynhildur Davíðsdóttir og Snjólfur Ólafsson. (2014). Umhverfisleg sjálfbærni Íslands: Staðan og aðkoma stjórnvalda. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 2, 445-472.
- Latour, B. (1993). *We Have Never Been Modern* (C. Porter, þýð.). Cambridge: Harvard University Press.
- Latour, B. (1999). *Pandora's Hope: Essays on the Reality of Science Studies*. Cambridge: Harvard University Press.
- Latour, B. (2007). A Plea for Earthly Sciences. Sótt af <http://www.bruno-latour.fr/articles/article/102-BSA-GB.pdf>
- Latour, B. (2014). Agency at the time of the Anthropocene. *New Literary History*, 45, 1-18.
- Lorimer, J. (2012). Multinatural geographies for the Anthropocene. *Progress in Human Geography*, 36(5), 593-612. doi:10.1177/0309132511435352
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2005). *Náttúrufræðingur og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls-Yfirlit*. Jón Gunnar Ottósson og Snorri Baldursson (ritstj.). Reykjavík: Höfundur.
- Páll Skúlason. (1998). *Umhverfing*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Pahl-Wostl, C. (2007) The implications of complexity for integrated resources management. *Environmental modelling & software*, 22, 561-569.
- Pellow, D. N. og Brehm, H. N. (2013). An environmental sociology for the twenty-first century. *Annual Review of Sociology*, 39, 229-250. doi:10.1146/annurev-soc-071312-145558
- Rannveig Ólafsdóttir. (2007). Umhverfisstjórnun–tæki til sjálfbærrar ferðaþjónustu? Í I. Hannibalsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 379-394). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Rannveig Ólafsdóttir, Kristín Rut Kristjánsdóttir, Helga Jóhanna Bjarnadóttir og Árni Bragason. (2009). *Umhverfisvitund og umhverfisstjórnun í ferðaþjónustu. Viðhorf ferðaþjónustuaðila og ferðamanna til umhverfisstjórnunar og vistvænar vottunar í og við Vatnajökulshjóðgarð*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Reed, M. S. (2008). Stakeholder participation for environmental management: A literature review. *Biological Conservation* 141, 2417-2431, doi:10.1016/j.biocon.2008.07.014
- RÚV. (2015). Parísarfundurinn sá mikilvægasti. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/parisarfundurinn-sa-mikilvaegasti>
- Schroeder, H. W. (2007). Place experience, gestalt, and the human-nature relationship. *Journal of Environmental Psychology*, 27, 293-309.
- Schultz, P. W. (2000). Empathizing with nature: The effects of perspective taking on concern for environmental issues. *Journal of Social Issues*, 56, 391-406.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2015). Ísland tilkynnir landsmarkmið í loftslagsmálum til 2030. Sótt af <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2760>
- Vatnajökulshjóðgarður. (e.d.). Skaftafell. Sótt af: http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/media/kort/SKAFTAFELL_ISL_2PRENT.pdf
- Whatmore, S. (1999). Hybrid Geographies: Rethinking the "Human" in Human Geography. Í D. Massey, J. Allen og P. Sarre (ritstj.), *Human Geography Today* (bls. 22-39). Cambridge: Polity Press.
- Williams, R. (1983). *Keywords: A vocabulary of culture and society* (önnur útgáfa). London: Fontana Press.

Um höfunda

Hugrún Harpa Reynisdóttir er forstöðumaður Þekkingarsetursins Nýheima á Hornafirði. Hún lauk meistaraþrófi í umhverfis- og auðlindafræði frá Háskóla Íslands 2016. Rannsóknáherslur Hugrúnar eru samband samfélags og náttúru, náttúrutengsl fólks og mótandi áhrif náttúru á einstaklinga.

Gunnar Þór Jóhannesson er prófessor í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Hann er með meistaraþróf í mannfræði frá HÍ 2003 og doktorsþróf í land- og ferðamálafræði frá Hróarskelduháskóla 2007. Rannsóknáherslur Gunnars eru mótun áfangastaða, skipulag og stefnumótun í ferðaþjónustu og nýsköpun og frumkvöðulsháttur í ferðaþjónustu. Hann er einn af ritstjórum bókarinnar *Tourism Encounters and Controversies: Ontological Politics of Tourism Development* (Ashgate, 2015) og hefur einnig birt rannsóknir sínar í fræðitímaritum innlendis og erlendis.